

## til skuldbindandi undirskriftar ábyrgðaryfirlýsingar á tollskýrslu og gjaldfærslu á aðflutningsgjöldum

- Jónar Transport hf. kt. 440189-1219 (JT) er með starfsleyfi Fjármálaráðuneytisins til tollmiðlunar skv. ákvæðum tollalaga nr. 88/2005.
- JT veitir þjónustu í tengslum við tollafgreiðslu.
- Umbjóðandi veitir JT fullt og ótakmarkað umboð til þess að koma fram fyrir hans hönd gagnvart tolfyrirvöldum.
- Umbjóðandi veitir JT fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar skuldbindandi ábyrgðaryfirlýsingar á tollskýrslu fyrir hans hönd.
- JT er heimilt að skuldfæra aðflutningagjöld á umbjóðanda skv. umboði þessu sbr. ákvæði 2. mgr. 127. gr. tollalaga.
- Umbjóðandi ábyrgist gagnvart JT að hann hafi gilt leyfi tollstjóra til greiðslufrests, á hverjum tíma, og skuldbindur sig til að tilkynna JT allar breytingar sem kunna að verða þar að lútandi, meðan umboðið varir.
- Umbjóðanda ber að tilkynna JT tafarlaust ef um vanskil er / verður að ræða á aðflutningsgjöldum af hans hálfu og / eða ef tollstjóri hefur afturkallað leyfi og / eða synjað um leyfi til tollafgreiðslu og / eða heimild til greiðslufrests aðflutningsgjalda er / verður felld úr gildi og / eða lækkuð.
- Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á umbjóðanda sbr. ákv. tollalaga.
- Tollafgreiðsla byggist á upplýsingum / gögnum frá umbjóðanda sem ábyrgist gagnvart JT að upplýsingar / gögn séu rétt og uppfylli skilyrði tollalaga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi.
- Umbjóðandi ábyrgist gagnvart JT að halda JT skaðlausu af öllum kröfum sem kann að verða beint gagnvart JT vegna tollafgreiðslu fyrir umbjóðanda, þ.m.t. þeirri ábyrgð sem kann að falla á JT vegna rangrar tollflokunar og ábyrgðar á grundvelli 33. gr. tollalaga.
- Umbjóðanda ber skylda til þess að yfirfara tollskjöl innan 15 daga frá tollafgreiðslu og tilkynna JT ef einhverjar athugasemdir eru, innan sömu tímamarka. Að öðrum kosti verður litið svo á að umbjóðandi sé samþykkur tollafgreiðslu JT.
- Greiði JT og / eða ábyrgist kröfur vegna aðflutningsgjalda umbjóðanda og / eða dráttarvexti, skal JT eiga endurkröfu, sem því nemur, ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxum og innheimtukostnaði.
- Umboðið tekur gildi við undirskrift og gildir í 1 ár. Hafi því ekki verið sagt upp fyrir þann tíma endurnýjast það sjálfkrafa til eins árs í senn. Umboðið er uppsegjanlegt af hálfu beggja aðila með 30 daga fyrirvara. Uppsögnin skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti og tekur hún gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn fer fram.

Flutningsmiðlun  
Sjósendingar  
Flugsendingar  
Hraðsendingar  
Vörumiðstöð  
Tollskjalagerð  
Akstursþjónusta  
Útflutningur

1. Umbjóðandi	2. Kennitala	3. Dagsetning
(prókúruhafi ef um fyrirtæki er að ræða):		

4. Aðsetur	Sími	5. Lögheimili (ef annað en aðsetur)
------------	------	-------------------------------------

Almennt umboð  
 Umboð vegna eftirfarandi vörusendinga (sendingarnúmer):

Umbjóðandi hefur gilt leyfi tolfyrirvalda til SMT- og VEF-tollafgreiðslu  
 Umbjóðandi hefur hvorki leyfi til SMT tollmeðferðar né hefur hann fengið greiðslufrest á aðflutningsgjöldum  
 Umbjóðandi hefur heimild tollstjóra til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum

Undirskrift f.h:

---